

1864.
21. júlí.

herra amtmaður, vottað, að það sé satt, að kjósa hafi orðið meðdómsmenn utan þeirrar sóknar, þarsem Ólsen umboðsmaður átti heima, og getið þess, að þér séuð sannfærðir um, að reikningarnir séu mjög sanngjarnir, og aðeins fari fram á lítilfjörlegt endurgjald fyrir það, er meðdómsmennirnir hafi orðið til að kosta.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir yður aptur reikningana, kunngjörir hún yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði frekari ráðstafanir í þessu efni, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem tekið er fram í bréfi þess 5. dag júlím. 1861, verður að ítreka það, að mennirnir eigi geta átt heimting á borgun fyrir ómak það, er þeir hafa haft við að dæma í máli þessu, heldur aðeins á endurgjaldi fyrir það, er þeir í raun og veru hafa kostað til ferða sinna, en felur yður, herra amtmaður, að leggja úrskurð á hvern einstakan lið í reikningunum þessu samkvæmt og að hlutast síðan til um, að þeir verði borgaðir.

21. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hvernig greiða skuli tillag til amtsjafnaðarsjóðsins af Reykjavíkur bæ.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði borizt bænarskrá frá bæjarfulltrúunum í Reykjavíkur kaupstað um, að tillag bæjarins til amtsjafnaðarsjóðsins verði framvegis galdið og heimtað í Reykjavík á sama hátt og í öðrum lögsagnarumdæmum í amtinu, það er af tfundarbæru lausafé eingöngu, en nú sé það greitt úr bæjarsjóðnum með upphæð, er amtmaður ákveði eptir hlutfalli við hin lögsagnarumdæmin, beiddist stjórnarráðið skýrslu um, eptir hverjum reglum það sé nú reiknað út, hversu hátt tillag Reykjavík á ári hverju á að greiða til amtsjafnaðarsjóðsins, og svöruðuð þér þeirri spurning á þann veg, að regla sú, sem tillag þetta sé ákveðið eptir, sé aðeins byggð á áliti amtsins og fari eptir þeirri upphæð, sem ætlazt er á, að alls muni þurfa til gjalda jafnaðarsjóðsins allt árið, en ekki sé fylgt neinni fastri

1864.
21. júl.

grundvallarreglu þegar tillagið sé ákveðið, og víst sé um það, að ekki sé farið eptir fólksfjöldanum í bænum, heldur sé, þegar það er ákveðið, mest haft tillit til efnabags bæjarins í sam-
burði við hin lögsagnarumdæmin í amtinu og til þeirra gjalda, sem árlega eru greidd úr jafnaðarsjóðnum í þarfir Reykjavíkur. Þér hafið, herra stiptamtmaður, enn fremur getið þess, að reyndar verði ekki móti því borið, að aðferð þessi sé nokkuð gjörræðisleg, en að ekki hafi samt sem áður verið hallað á bæinn megi ráða af því, að um fimm árin síðustu teljist svo til, að tillagið hafi verið 46 rd. á ári, eður samtals 230 rd., en það nemi 11 skildingum fyrir hvern gjaldþegn, en aptur á móti hafi kostnaður sá, er jafnaðarsjóðurinn hafi haft af bænum um þetta fimm ára bil, verið 283 rd. En ef nú þar á móti tillagið til jafnaðarsjóðsins hefði verið reiknað af lausafjárhundruðunum einum, á sama hátt og í hinum lögsagnarumdæmunum í amtinu, þá hefði það ekki orðið nema 92 rd. 84 sk., og Reykjavík hefði þannig einungis greitt hér um bil þriðjung af því fé, sem jafnaðarsjóðurinn hefði orðið að greiða fyrir bæinn á greindu tímabili. Að yðar álit, herra stiptamtmaður, mundi það því leiða til ósanngirni við hin lögsagnarumdæmin í amtinu, ef tillag Reykjavíkur bæjar til jafnaðarsjóðsins væri einungis byggt á lausafjárftundinni, en þarámóti haldið þér hagfelldast, að tillagið sé fast ákveðið, þannig að hin mesta upphæð þess ætti að vera 60 rd. og hin minnsta 40 rd.

Með því nú dómsmálastjórnin eigi gat séð, að það, sem gjörræðislegt þótti í ákvörðun tillagsins, mundi með þessu móti hverfa og það á hinn bóginn varð að þykja ákjósanlegt, ef fund-
izt gæti fastari regla fyrir jafnaðarsjóðsgjaldinu af Reykjavíkur bæ, í líking við það, sem tíðkast í hinum lögsagnarumdæmunum í amtinu, þó ekki væri með sama hætti, þá spurði stjórnarráðið yður um í bréfi 14. dag janúarm. þ. á., hvort þér ekki treyst-
ust að gjöra uppástungu lútandi að þessu.

Þessu svörðuð þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 19. maím. síðastl., á þá leið, að þér ekki treystuð yður til að koma fram með hæfilega uppástungu í þessu efni, þareð engin slík undirstaða til að byggja á niðurföfnun gjaldsins til jafnaðarsjóðsins sé nú

1864.
21. júlí.

sem stendur til í Reykjavík, sem menn hafi í sýslunum, þarsem lausafjórðungi eru; en verði Reykjavík tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, þá geti slík undirstaða fengið að því, er sjálfan bæinn snerti, í ábyrgðarverði húsanna, og að því, er snerti tómthús á lóð bæjarins, í virðingarverði þeirra, og að einnig mætti fara eftir sömu reglunni, sem er við höfð í hinum lögsagnarumdæmunum, um þá tómthúsmenn, er eiga tíundarbært lausafé, að jafna gjaldinu á lausafjórðungi. Að yðar álit væri því réttast að láta bíða að skipa fyrir um málefni þetta þangað til útkljáð er um það, hvort Reykjavík verði tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða.

Um leið og stjórnarráðið getur þess, að uppástunga sú, sem það óskaði að fá, ekki átti að vera um það, að finna nýja undirstöðu fyrir niðurfjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins á íbúa Reykjavíkur, heldur um hitt, að fá betri grundvöll, en þann, sem nú er byggt á, til að finna, hversu hátt tillag Reykjavík beri að greiða til sjóðsins í hlutfalli við hina aðra parta amtsins, skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að dómsmálastjórninni, eftir öllum þeim skýrslum, sem fram eru komnar, ekki þykir ástæða til, að minnsta kosti ekki nú sem stendur, að hlutast til um, að breytt verði reglum þeim, sem að undanfögnu hefir verið farið eftir um borgun gjalds þessa samkvæmt konungsbréfi 28. d. maím. 1831.

21. júlí.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.

Í skjali, er sent var beina leið til stjórnarráðsins, hefir landlæknirinn á Íslandi, Jón jústizráð Hjaltalín, dr. med., kvartað yfir, að hinn setti amtmaður í vesturumdæminu hafi neitað að borga sér úr jafnaðarsjóði amts þessa fé það, sem um er rætt í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848, og sem ætlað var fyrir kennslu í læknisfræði.